

Ed.

102. Frumvarp

til laga um byggingar- og landnámssjóð.

Flutningsm.: Jónas Jónsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir byggingar- og landnámssjóður. Verksvið hans er að gera efnalitlum bændum og grasbýlamönnum við kaптún fært að endur-

byggja bæi sína eða að reisa nýbýli, með skiltingu jarða við erfð eða öðruvísi, þar sem hentug ræktunarskilyrði eru. Stjórn Búnaðarfelags Íslands stýrir sjóðnum, en Landsbanki Íslands annast bókhald og gjaldkerastörf fyrir hann, þar til öðruvísi er ákveðið.

2. gr.

Starfi byggingar- og landnáms sjóðs skal vera þannig háttað, að hann ábyrgist að greiða alla eða nokkurn hluta af vöxtum tiltekinna lána, er varið hefir verið eftir fyrir mælum þessara laga til endurbyggingar á sveitabæjum eða til landnáms. Stjórn byggingar- og landnáms sjóðs má þó ekki veita framangreind hlunnindi í vaxtagreiðslum, nema lánið sje að minsta kosti veitt til 25 ára og að bæði lánveitandi og lánþiggjandi hafi samningslega skuldbundið sig til að uppfylla eftirfarandi skilyrði gagnvart byggingar- og landnáms sjóði :

1. Að byggingin sje úr haldgóðu efni og að stærð og dýrleika samsvarandi gildi lands þess, er henni fylgir.
2. Að sjerfróðir trúnaðarmenn Búnaðarfelags Íslands hafi fallist á teikningar af húsum þeim, er byggja skal, og samþykkt ráðagerð lánþiggjanda viðvíkjandi ræktun þeirri, er framkvæma skal.
3. Að lán til byggingar hafi ekki farið fram úr sannvirði hins óbjákvæmilega, aðflutta byggingarefnis, eins og meðalverð þess hefir verið í kaupstöðum landsins það ár, og helmingis af útlögðu kaupi steinsmiða og trjesmiða, er að dómi stjórnar Búnaðarfelags Íslands hafa þurft að vinna við hverja tiltekna byggingu eftir stærð hennar. Dagkaup smiða skal metið eftir meðal-kaupgjaldi slíkra manna það ár í því hjeraði, þar sem mannvirkið hefir verið reist.
4. Að lán til ræktunar hafi ekki farið fram úr helmingi af óbjákvæmilegum kostnaði, þar í talið landbrot, girðing, framræsla, fræ og áburður tvö fyrstu árin.
5. Á hverri þeirri jörð eða nýbýli, sem notið hefir hlunninda í vaxtagreiðslum úr byggingar- og landnáms sjóði, liggur sú kvöð, að stjórn Búnaðarfelags Íslands verður að samþykkja bæði eigenda- og ábúendaskifti. Aldrei má söluverð slíkrar fasteignar, eða leiga, ef um ábúð er að ræða, verða hærri en sem svarar innlámsvöxtum Landsbankans af verði eignarinnar samkvæmt gildandi fasteignamati.

3. gr.

Nú hefir bóndi eða nýyrki fengið loforð fyrir láni til húsabóta eða ræktunar, þannig að uppfyllt eru öll skilyrði 2. gr., og hefir þá stjórn Búnaðarfelags Íslands fyrir hönd byggingar- og landnáms sjóðs heimild til að gera við lánþiggjanda bindandi samning um að greiða um tiltekið árabíl alla eða tiltekinn hluta af vöxtunum af láninu til þeirrar peningastofnunar, sem veitti lánið. Í reglugerð, sem stjórn Búnaðarfelags Íslands semur, en atvinnumálaráðherra samþykkir, skal ítarlega mælt fyrir um skilyrði fyrir vaxtahlunnindum byggingar- og landnáms sjóðs.

4. gr.

Allar þær tekjur, sem landssjóði hlotnast samkvæmt lögnum um gróðaskatt, renna í byggingar- og landnáms sjóð. Jafnskjött og sá skattur er af inn-

heimtumönnum ríkissjóðs goldinn í Landsbankann er fjeð komið undir fullkomin yfirráð stjórnar Búnaðarfelags Íslands.

5. gr.

Endurskoðendur landsreikninganna endurskoða árlega alla reikninga byggingar- og landnámssjóðs. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun þeirra skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1927. Jafnframt eru þá úr gildi numin öll eldri lög og fyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Í Noregi starfar banki, sem ríkið starfrækir til að greiða fyrir landnámi. Hefir hann á liðugum 20 árum lánað út um 150 milljónir kr., þannig að ríkissjóður greiðir meira eða minna af vöxtunum, estir því hve þjóðnýtur tilgangurinn þykir vera. Til að greiða sem mest fyrir landnámi og byggingu hollra hífýla lánar sá banki stundum allt að því 90% af virðingarverði fasteigna, enda er þá ábyrgð sveitarfelags á bak við. — Hjer er hallast að sömu meginstefnu. Bóndinn eða landneminn geta tekið lánið í hvaða lánsstofnun sem vera skal, ef samkomulag sæst milli lánveitanda og lántakanda að uppfylla skilyrði byggingar- og landnámssjóðs. Þó getur stjórn sjóðsins ljett að meira eða minna leyti undir með lántakanda með vaxtagreiðsluna. Í sumum tilfellum, t. d. við landnám eins og það hlýtur að verða á áveitusvæðunum, eða þar sem landneminn styðst ekki að einhverju leyti við ræktað land, myndi ekki veita af, að sjóðurinn borgaði alla vexti af tilgreindu láni mörg fyrstu árin. Reynslan myndi leiða í ljós, hvenær fært væri að ætla lánþiggjendum að greiða nokkurn hluta vaxtanna, eða þá alla. Stjórn sjóðsins myndi þá haga ákvæðum reglugerðarinnar viðvíkjandi vaxtakjörunum eftir þeirri reynslu.

Enginn vafi er á, að með tiltölulega litlu fjármagni mætti koma miklu til leiðar í þessu efni. Ef vextir væru 6%, mætti með 60 þús. kr. borga alla vexti af einni milljón. Og með þeirri fjárhæð mætti hjálpa áleiðis fjöldamörgum fjölskyldum, er vildu byggja framtíð sína á ræktun landsins, en geta það ekki undir núverandi kringumstæðum.

Í öllum nálægum menningarlöndum leggja ríkin nú stórfje í að fjölga heimilum í sveitum. Í Danmörku bætast sum árin við um 2000 ný heimili í sveit. Fróðir menn þar í landi telja, að vel ræktað og sæmilega húsað nýbýli kosti nú um 25 þús. kr. Ríkið og sveitarfelögin leggja árlega stórfje til þessa landnáms, enda er alveg fráleitt, jafnvel í Danmörku, að nýbýlin geti í fyrstu horið vexti og afborganir af þeim höfuðstól, sem í þau verður að leggja. En forráðamenn þjóðarinnar telja býlafjölgunina svo mikla landsnaudsyn, að þess vegna er eytt til þessara framkvæmda miklu af almannafje. Býlafjölgunin í sveitunum, studd af þjóð-

fjelaginu, er nálega eina áhrifamikla úrræðið, sem enn er þekt til að draga úr óeðlilegum ofvexti bæja og borga. Finnar og Norðmenn vinna á sama hátt að innlendu landnámi. Og nú er í Englandi vakin öflug breyting í þá átt að rækta og byggja landið með framlögum af opinberu fje. Þá breytingu hefir vakið frægasti núlifandi stjórnámalamaður Englendinga, og hann telur það mál langþýðingarmest af öllum viðfangsefnum ensku þjóðarinnar.

Fordæmi nágrannaþjóðanna og knýjandi þörf heima fyrir að stöðva hinn vaxandi fólksstraum úr sveitunum verða væntanlega nógu þungar röksemdir á metunum til að þingið hrindi í framkvæmd þessu mikla og merkilega máli.